

**Nd.**

**740. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta og frv. til laga um útflutningsgjald af sildarlýsi eru bæði flutt af þm. Akureyrarkaupstaðar, og í sambandi hvort við annað. Segir flutningsmaður, að það vaki fyrir sér það samræma útflutningsgjald af sild og sildarlýsi á þann hátt, að jafnhátt útflutningsgjald hvíli á sildinni nýrri, hvort sem hún

er söltað til útflutnings eða breggt í lýsi eða mjöl og flutt út í því ástandi, en jafnframt gefnr hann í skyn, að hagar rikissjóðs af þessari lagasetning nemi »am eða yfir 100 þús. kr. árlega«.

Skoðun flutningsm. er þessi:

»Jeg tel það eðlilegt, að útflutningsgjaldið sje miðað við 100 kg. af nýrri síld, og ætti þá útflutningsgjaldið af því lýsi og sildarmjöli, sem fæst úr 100 kg. af útfluttri síld, að vera það hátt, að það gefi sömu tekjur í rikissjóð eins og 100 kg. af útfluttri síld«.

Og þótt flutningsm. hafi ekki tekist að orða hngsnn sina með nákvæmni, mun hún vera þessi: *rjettlátt er, að tekjar rikissjóðs af ákveðnu magni sildar verði hinar sömu, hvort sem sildin er flutt út sem krydd- eða saltsild eða henni er breytt í sildarlýsi og sildarmjöl.*

Til þess svo að ná þessum jöfnuði leggnr hann til að lækka nm helm- ing útflutningsgjaldið af hverri sildartunnu, en hækka um 150%—200% útflutningsgjaldið af sildarlýsi og sildarmjöli og jafnframt hækka að mun gjaldið á öðrum svipnum vörum, sem litið eitt er útflutt af.

Ed. breytti þessu að visn nokknð, aðallega þannig, að lækkunin á útflutningsgjaldinn á söltuðn og krydduðn sildinni nemur 33<sup>1</sup>/<sub>3</sub>%, en hækknin á bræðslnafnrðunum nemur 100%, en þó virðist sem Ed. hafi að nokkrn leyti aðhylst framanskráða skoðnn flutningsm., og skal hún því athngnð lítið eitt og sýnt, að frá hvaða sjónarmiði, sem á málið er litið, gjaldþegns, rikissjóðs eða þjóðarheillar, er stefna flutningsm. vanhngsnð.

## I.

Það er rjett, að samkvæmt gildandi lögum ern tekjur rikissjóðs meiri af sama magni síldar, ef síldin er flutt út söltuð eða krydduð en ef úr henni er unnið lýsi og mjöl til útflutnings. En þetta er í fullu samræmi við íslenska tollalöggjöf. Þannig mun aldrei hafa komið fram nein krafa um, að tekjur rikissjóðs af ákveðnn magni af fiski eða kjöti væru hinar sömu, hvort sem varan er flutt út ný eða söltuð. En ank þess er tollmunurinn rjettlátur. Meðal annars af því, að meðan eigi er saltað eða kryddað meira af síld en jafngildir neyslunni, *er verðgildi sildar til kryddanar og söltanar alltaf meira, oft margfalt, en sjaldnast minna en toðfalt verðgildi sildar til bræðslu.* Samt sem áður er nauðsynlegt að beina síldiani til bræðslustöðvanna, því þegar saltað er eða kryddað umfram þarfir neytenda, verður verðgildi slíkrar sildar oft minna en ekki neitt, þ. e. a. s., að full tunna sildar selst ekki fyrir því, er andvirði tómrar tunnu, salts, krydds, vinnlanna og annars kostnaðar nemur, eins og margendurtekin reynsla Íslendinga sannar.

Besta eða jafnvel einu ráðið til þess að girða fyrir verðhrnn saltaðrar og kryddaðrar síldar — eina leiðin til þess að tryggja afkomu þessa atvianu- rekstrar landsmanna, og þá um leið rikissjóði þær tekjur, er af honum drjúpa, er að beina síldinni í bræðslnstöðvarnar, enda þótt þar verði eigi unnin úr henni jafnverðmæt vara og saltaða eða kryddaða síldin, *ef miðað er við, að söltun og kryddun sje í hófi.*

Tollalöggjöfn verðnr því að líta á bræðslustöðvarnar sem öryggisráð-

stöfun sildarútvegsins. Hlutverk þeirra er það tvent, að vinna úr síldinni vörn nægjanlega verðmæta til þess, að vel svári kostnaði fyrir landsmenn að veiða síld til þess augnamiðs, en jafnframt eru þær nauðsynlegur grundvöllur undir annari og arðvænlegri hagnýting sildarinnar, söltuninni og krydduninni. Með hag ríkissjóðs og alþjóðar fyrir augum má því vel segja, að vinsla síldar í bræðslustöðvum gæti verið arðvænleg, enda þótt afurðirnar væru svo verðlitlar, að nauðsynlegt væri að hafa þær tollfrjálsar, vegna þess, að í skjóli þeirrar vinslu þrífst söltun og kryddun síldar, ríkissjóði og alþjóð til hagsmuna, en eins og reynslan bendir til er hætt við, að sá atvinnurekstur blessist ekki til lengdar án bræðslustöðva.

Á það skal bent, að venjulegt er, að afli þess skips, er síldveiði stundar eingöngu með það fyrir augum að selja síldina til bræðslu, sje tvöfaldur afli þess skips, er veiðir til söltunar eða kryddunar, en það veldur, að síldin verður að saltast og kryddast ný, eða mest 10—15 tíma gömul, en má geymast 10 daga eða jafnvel lengur í skipi, ef til bræðslu er ætluð. Annað skipið verður því að halda til hafnar þegar er það hefir fengið einhvern afli, en hitt getur beðið fullfermis. En meðal annars af þessu er það augljóst, að ástæðulaust er að krefjast sömu tekna ríkissjóði til handa af sama magni síldar, hvort sem brætt er eða saltað.

Þeirrar skoðunar verður vart, að tollhækkun á bræðsluafurðum lendi á bræðslustöðvunum, en þar eð þær sje flestar eign erlendra manna, sje þessi tollhækkun Íslendingum ljettbær. Margir telja hinsvegar, að tollur þessi lendi eingöngu á framleiðendum. Hvort sem heldur er, má telja fullvíst, að lækkun á tolli á saltaðri og kryddaðri síld, en hækkun á tolli á bræðsluafurðum hljóti að beina straumnum frá bræðslustöðvunum, en auka söltun og kryddun. Stefna sú, er felst í frumvörpunum, skýtur því mjög skökku við aðrar athafnir þingsins á þessu sviði, er þingið með því að heimila 1 milj. kr. framlag úr ríkissjóði til stofnunar sildarbræðslustöðva hefir kveðið upp þann dóm, að hin mesta þjóðar nauðsyn sje að beina síldinni í bræðslu. Á og sú skoðun, að rjett sje að beina síldinni í bræðslustöðvar, við rök að styðjast, meðal annars af því, að af of mikilli söltun og kryddun leiðir altaf verðfall sildarinnar, og oft mjög stórvægilegt, en þótt saltað sje eða kryddað minna en neyslan krefst, en samtímis meiri síld en nauðsynlegt er beint til verðminni hagnýtingar í bræðslustöðvunum, er slíkt allajafna skaðlaust vegna verðhækkunar á söltuðu og krydduðu síldinni, er af þessu leiðir.

Krafa flm., sú, að sjálfsagt sje að tryggja ríkissjóði sömu tekjur af sama sildarmagni, hvort sem saltað er og kryddað eða brætt, hefir nú verið lauslega gagnrýnd og sýnt fram á, að hún er órjettlát, meðal annars vegna þess:

að síldin er verðminni, oft margfalt verðminni til bræðslu en til söltunar og kryddunar meðan söltun og kryddun er í hófi,

að ársafli þess skips, er eingöngu veiðir síld til bræðslu, er venjulega tvöfaldrn afli þess skipsins, er aðeins veiðir síld til söltunar eða kryddunar. Tekjur ríkissjóðs af afli hvors skipsins eru því jafnar með því að krefjast *helmingi hærri gjalds* af þeirri síld, er söltuð er og krydduð, en af hinni, sem til bræðslu fer, og

að nauðsynlegt er að hafa hemil á söltun og kryddun síldar, með því að beina síldinni til bræðslustöðvanna. Lækkun á síldartolli, en hækkun á bræðsluafurðum vinna gegn þessari nauðsyn.

## II.

Skal nú fjárhagshlið málsins stuttlega athuguð.

Árið 1927 var saltað og kryddað 240 þús. tn. En í bræðslu fóru um 600 þús. hl. Flutningsm. vill nú lækka útflutningsgj. af síldartunnu um 75 aura. Nemur sú tekjurýrnun fyrir *rikissjóð* 180 þús. kr. Síðan vill flm. hækka útflutningsgjald af bræðsluafurðum, svo að jafn tollur hvíli á mjöli og lýsi úr 100 kg. af nýrri síld og á hverri síldartunnu. Samrýmist þetta að vísu ekki meginkenningu flm. um, að sami tollur hvíli á sama magni nýrrar síldar, því að í útfluttri tunnu kryddaðrar eða saltaðrar síldar eru sjaldnast 100 kg. nýrrar síldar. Flm. reiknar nú út, hve hár tollurinn af lýsi og mjöli þurfi að vera til þess að ná 75 aurum af 100 kg. nýrrar síldar, og kemst að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt sje  $4\frac{1}{2}\%$  af andvirðí lýsisins, en  $2\frac{1}{2}$  eyrir af hverju kílói mjöls. Er að vísu sumt hæpið, en annað rangt í þessum útreikningum flm., en eigi þykir taka að leiðrjetta það, en aðeins skal bent á, að flm. ætlast til, að tollhækkunin nemi frá 47,9 til 50,4 eyri á mjöl og lýsi úr 100 kg. síldar. Á þessum grundvelli reiknar svo flm. út tekjur ríkissjóðs af slíkri tollhækkun á mjöli og lýsi, og miðað við árið 1927 kemst hann að þeirri niðurstöðu, að þær mundu nema 280 þús. kr., sem að vísu ekki er rjett, en skeikar þó litlu. Mundi þá hagur ríkissjóðs af tolltilfærslu þeirri, er flm. stingur upp á, hafa numið um 100 þús. kr. á því ári.

Þetta ár vill nú flm. leggja til grundvallar fyrir framtíðarhag ríkissjóðs af þessari löggjöf, og fullyrðir hann, að nái frumv. lögfestu, muni *»af þeim verða allríflegur tekjuauki í ríkissjóða*. En hjer er um mjög villandi og óvenju óvarfærinn útreikning að ræða, vegna þess að árið 1927 var brædd svo miklu meiri síld en venja er til, að varla mun áður á einu ári hafa verið bræddur hjer meira en þriðjungur þess, er þá var brætt, en söltun og kryddun lítið úr hófi, og ekki meiri en áður hefir komið fyrir. Tekjurýrnunin, sem af löggjöf þessari leiðir, getur því vel orðið svipuð og gert er ráð fyrir í greinargerð frumv., en tekjuaukinn sennilega aðeins  $\frac{1}{3}$  þess, sem áætlað er, og mundi þá ríkissjóður biða af þessu tjón, er næmi um 90 þús. kr. á ári, en ekki hafa 100 þús. kr. gróða, svo sem flutningsm. talar um.

Við slíka útreikninga verður að styðjast við meðaltal undanfariðna ára og jafnframt hafa hliðsjón af fyrirsjáanlegum eða líklegum breytingum.

Á árunum 1912—1925, að báðum meðtöldum, nam síldveiði Íslendinga um 160 þús. hl. að meðaltali á ári. Vitneskja er að vísu ekki fyrir hendi um skifting aflans til söltunar og kryddunar og í bræðslu. En sje áætlað, að 120 þús. hl. hafi verið saltaðir og kryddaðir, en 40 þús. farið í bræðslu, sem ekki þykir ósennilegt, verður afkoma ríkissjóðs sú, sje reiknað með aðferð flm., að ríkissjóður mundi hafa mist 90 þús. kr., en fengið 20 þús. kr., eða *tapað* 70 þús. kr. *árlega* við slíka löggjöf.

Hagstofan hefir látið í tje upplýsingar um skifting aflans árin 1925 og 1926, sem eru einu árin, að undanskildu 1927, sem slíkar skýrslur eru um í

hennar vörslu. Á þeim árum var af veiði landsmanna saltað og kryddað 386 þús. tn., en brætt 231 þús. hl. Tekjumissir rikissjóðs af tjeðri löggjöf mundi því þessi tvö árin hafa numið 290 þús., en tekjuaukinn verið 116 þús. Tapið þannig verið 174 þús. kr., eða 87 þús. kr. árlega.

Hugsanlegt er, að flutningsm. geri ráð fyrir, að aukast muni veiði sildar til bræðslu, og er þess að vænta. En hitt er þá jafnframt ekki ólíklegt, að smátt og smátt fari neysla saltaðrar og kryddaðrar sildar vaxandi, og er rjett að leggja þetta að jöfnu, þar til reynslan kveður upp sinn dóm. Verður því eigi annað sjeð en að áætlanir flm. um gróða rikissjóðs af þessari löggjöf sjeu mjög vanhugsaðar, svo að sanni sje nær, að *fallvist er, að rikissjóður mundi biða allverulegt tjón af henni.*

Ed. hefir breytt frumv. þannig, að tolllækkun á sildartunnum nemur 50 aurum, en hækkun á mjöli og lýsi úr 100 kg. sildar verður um 29 aurar eftir reikningum flm. Með sama hætti og fyr er reiknað mundi þá rikissjóður hafa tapað á þessu á árunum 1912—1925 um 48 þús. kr. árlega, en á árunum 1925 og 1926 um 62 þús. kr. árlega.

Við höfum nú sýnt fram á, að forsendur flm. fyrir frv. eru skakkar, að tillögur hans eru alt í senn, ranglátar, skaðlegar eðlilegri og nauðsynlegri þróun sildveiðanna og munu valda rikissjóði tekjumissi, og enda þótt Ed. hafi lítið eitt lagfært frumvörpin, eru þau þó enn mjög til hins verra, og leggjum við því til, að frv. þetta verði felt, svo sem við einnig höfum gert um frv. til laga um útflutningsgjald af sildarlýsi.

Alþingi, 10. apríl 1928.

Ólafur Thors.  
frsm.

Sig. Eggerz.